

AUGLÝSING

um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prófasta nr. 966/2006.

„STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum um prófasta nr. 966/2006.

1. gr.

Heiti prófastsdæma, sem nefnd eru í starfsreglum um prófasta í 1. gr. breytast til samræmis við breytingu ákvæða 12. gr. í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 30. nóvember 2009.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 2009.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 20. nóvember 2009.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2009